

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR Áhaldahús Skagastrandar

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur viðgerðar-, þvotta- og geymsluaðstöðu bifreiða, þungavinnuvélar, áhöld veitna, þvotta, geymslu, aðstöðu vinnuskóla og tengdra starfsemi. Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef ástæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur, gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Rekstraraðili skal uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfsviði sínu. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið og beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum. Orka skal vera vel nýtt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili skal veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Heilbrigðisnefnd metur innan fjögurra vikna frá móttöku upplýsinganna hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.	550/2018 13. gr.	
1.6	Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja allan rekstrarúrgang og spilliefni og skila til viðeigandi móttökustöðva fyrir úrgang. Ganga skal frá mannvirkjum þannig að ekki stafi hætta af.	550/2018	
1.7	Endurskoða skal starfsleyfið í samræmi við ákvæði reglugerða.	550/2018 14. gr.	
1.8	Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunarvarnareftirlit.	550/2018 6. og 57. gr	

## 2. ATHAFNASVÆÐI OG LÓÐARUMGENGNI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Halda skal mannvirkjum, lóð, lóðaraðkomu og bílastæðum snyrtilegum.	737/2003	
2.2	Haga skal nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag, virða lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.3	Bifreiðum, tækjum og lausamunum, sem ekki er í notkun, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og án þess að vera til lýta í umhverfi.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.4	Óheimilt er að geyma bílhræ og annan úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu.	737/2003	
2.5	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.6	Lagerhald á tækjum og áhöldum skal vera á afmörkuðu svæði á lóð í samræmi við samþykkt lóðarskilmála.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á slysavörnum á sínu athafnasvæði. Takmarka skal umferð óviðkomandi um lóð og girða hana í samráði skipulagsyfirlöð.	941/2002	

## 3. ALMENNAR KRÖFUR UM MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar hjá rekstraraðila. Breytingar á frárennslikerfi þurfa samþykki byggingafulltrúa. Búnaði til mengunarvarna skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við reglugerð. Ekki má skerða mengunarvarnir á fráveitu sem fyrir er, né takmarka möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.	798/1999  III kafli	
3.2	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd er varða viðhald, viðgerðir eða þvotta á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.3	Við meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind hverju sinni.	737/2003 11. gr.	

3.4	Geyma skal spilliefni og önnur hættuleg efni aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum eða úrgangi í vel merktum ílátum. Að notkun lokinni skal skila spilliefnum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva. Velja skal umhverfisvænni efni þar sem þess er kostur. Rekstraraðili skal halda ítarlega skrá yfir efnanotkun sem sé aðgengileg í eftirliti.	806/1999	
3.5	Óheimilt er að losa spilliefni og önnur hættuleg efni í fráveitu.	798/1999	
3.6	Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka vatnsnotkun og halda ítarlega skrá yfir hana sem sé aðgengileg í eftirliti.	550/2018	
3.7	Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfsemi.	724/2008 8. gr.	
3.8	Óheimilt er að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin.	788/1999 6. gr.	
3.9	Olútankar skulu vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olúheldu plani með afrennsli í samþykktu olúskilju. Olúáfyllingar skulu fara fram á áfyllingsplani sem tengt sé olúskilju.	884/2017	
3.10	Afla þarf leyfis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir frágangi, staðsetningu og stærð olútanka. Sama gildir um frágang á áfyllingarplani og olúskilju.	884/2017	

#### 4. SÉRTÆKAR KRÖFUR UM MENGUNARVARNIR

Rgl.nr. Uppfyllt

4.1	Rekstraraðili skal tryggja að ryk frá lóð og starfsemi valdi ekki ónæði eða tjóni utan lóðarmarkna með því m. a. að: a) Hafa aksturleiðir, bílplön og geymslusvæði með bundnu slitlagi. b) Skipuleggja reglubundin þrif á akstursleiðum, geymslusvæðum og plönnum, til að minnka óþægindi vegna ryks. c) Á stöðinni sé aðgengilegur búnaður til dekkjapvotta fyrir vöruflutningabifreiðar og önnur þungavinnutæki.	737/2003	
4.2	Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini og skulu að jafnaði flutt í verkstæðisaðstöðu til viðgerða. Rekstraraðili skal hafa þvottaðstöðu til þrifa á búnaði, tækjum og bifreiðum.	550/2018 8/2009	
4.3	Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags. Ef rotþró er á staðnum skal fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir.	510/2018	

<p>4.4 Ef þörf krefur skal nota vatn eða samþykkt rykbindiefni til að lágmarka rykmýndun frá efnishaugum. Geymslu á úrgangsefnum á lóð skal halda í lágmarki.</p>	<p>787/1999 5. gr. 737/2003 11. Gr 550/2018</p>	
<p>4.5 Hráefnislager (sandur, mól, o.s.frv.) skal geyma í aðgreindum og afskermuðum hólfulum á lóð í samráði við byggingarfulltrúa. Efnislager skal ekki vera hærrí en veggir utan um hólfin nema annað hafi verið samþykkt af bæjarskipulagi. Fínefni skal eingöngu geyma í lokuðum efnissílóum eða í lokuðum geymslum.</p>	<p>787/1999 5. gr.</p>	
<p>4.6 Lágmarka skal eins og kostur er notkun á hættulegum eða umhverfisskaðlegum efnum s.s. við hreinsun tækja. Velja skal umhverfissvænni efni þar sem þess er kostur. Rekstraraðili skal halda ítarlega skrá yfir efnanotkun sem sé aðgengileg í eftirliti.</p>	<p>550/2018 888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013</p>	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP), reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):**